

## **Næring í upphafi lífs; tengsl við sökk og aðra áhættuþætti kransæðasjúkdóma á fullorðinsárum**

Ingibjörg Gunnarsdóttir, Thor Aspelund, Bryndís E. Birgisdóttir, Rafn Benediktsson, Vilmundur Guðnason, Inga Þórsdóttir

Vísbendingar eru um að brjóstagjöf geti minnkað líkur á hjarta- og æðasjúkdómum. Bólgusvörun er ein af sjúkdómsmyndum hjarta- og æðasjúkdóma og sökk (mm/klst, mælikvarði á bólgu) er sjálfstæður áhættuþáttur fyrir kransæðasjúkdóma.

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða sökk og aðra þekkta áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma meðal fullorðinna einstaklinga sem höfðu verið á brjósti annars vegar og verið gefinn peli hins vegar, snemma á lífsleiðinni.

Þátttakendur í rannsókninni voru 3614 karlar og konur sem fædd voru í Reykjavík á árunum 1914 til 1935 og tóku þátt í Hóprannsókn Hjartaverndar. Upplýsingar um næringu í upphafi lífs (brjóstagjöf eða pelagjöf) voru fengnar úr ljósmæðraskrár sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Mælingar á sökki, þríglyseríðum og kólesteróli í blóði, blóðþrýstingi, blóðsykri (fastandi), hæð og þyngd voru framkvæmdar sem hluti af Hóprannsókn Hjartaverndar.

Tíðni brjóstagjafar í úrtakinu var há, eða tæp 95%. Alls höfðu því 186 (5,2%) fengið pela strax frá fæðingu. Sökk var að meðaltali (geometric mean) 15,9% (95% CI 1,8%-31,8%) hærra meðal þeirra sem höfðu fengið næringu í pela í upphafi lífs ef miðað er við þá sem fengu brjóstamjól,  $P=0,026$ , eftir að leiðrétt hafði verið fyrir aldri og kyni. Þeir sem höfðu verið á brjósti höfðu að meðaltali 2,9% hærri líkamsþyngdarstuðul (LPS) á fullorðinsárum ( $P=0,012$ ). Áhættuhlutfall á kransæðasjúkdómum var 1,18 (95% CI 0,88-1,57) hjá þeim sem fengu pela miðað við einstaklinga sem fengu brjóstamjól, eftir að leiðrétt hafði verið fyrir öðrum þekktum áhættuþáttum kransæðasjúkdóma.

Hærra sökk meðal einstaklinga sem fengu pela í upphafi lífs ef miðað er við þá sem fengu brjóstamjól gæti gefið til kynna að brjóstamjól hefði langtíma áhrif á bólgusvörun.